

Skýrsla stjórnar UT-kvenna fyrir 2007-2008

UT-konur, félag kvenna í upplýsingatækni er áhugamannafélag kvenna er starfa á sviði upplýsingatækni og er félagið fagaðili innan Skýrslutæknifélagsins.

Fagfélagið UT-konur var stofnað 25. maí 2005 á stofnfundi þess í Háskólanum í Reykjavík og eru félagar nú 101 (apríl 2008).

Aðalfundur félagsins 2007 var haldinn 26. apríl kl.17:00 á 3. hæð í Háskólanum í Reykjavík og var dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Kjósa þurfti í stjórn og formann fyrir árið 2007-2008.

Auður Sigr. Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir, Bergþóra Ketilsdóttir, Hólmfríður Pálsdóttir og María Guðnadóttir gengu úr stjórn en í stjórn voru kosnar:

- Þóra Halldórsdóttir, formaður
- Anna Ingólfssdóttir
- Elín Granz
- Hrönn Þormóðsdóttir
- Jóna Pálsdóttir
- Sigrún Þöll Þorsteinsdóttir
- Þórunn Óskarsdóttir

Ásrún Matthíasdóttir lét því af störfum sem formaður, en hún hafði starfað sem formaður félagsins frá stofnun þess fyrir þremur árum.

Þökkum við Ásrúnu fyrir ötulit og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Nýr formaður var kjörinn Þóra Halldórsdóttir.

Í upphafi fundar ávarpaði dr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík fundargesti og ræddi m.a. um mögulegar leiðir til að efla áhuga ungs fólks í dag að sækja nám í tölvunarfræði.

Að lokinni hefðbundinni dagskrá fjallaði dr. Margrét Jónsdóttir, dósent við viðskiptadeild HR um Konur og tungumál – leiðin að orðræðu árangurs. Veitingar voru í boði Háskólans í Reykjavík.

Stjórnin hefur haldið reglulega fundi mánaðarlega, en alls hafa verið haldnir 15 formlegir stjórnarfundir auk ýmissa annara funda.

Á fyrstu fundum stjórnar var rætt um hvernig félagið ynni best að markmiðum sínum og hvaða áherslur ættu að vera í starfinu á þessu starfsári.

Þótti stjórnarmönnum brýnt að koma vefsíðumálum í betra horf, kynna félagið betur og auka áhuga meðal yngri kvenna á félaginu.

Áfram var áhersla á að efla innra starf með fræðslu- og skemmtifundum.

1. Í apríl 2007 gaf félagið út kynningabækling um upplýsingatækni sem sendur var til allra stúlkna á aldrinum 15 ára og 18 ára á Íslandi. Tilgangur bæklingins var að vekja áhuga ungra stúlkna á upplýsingatækni og sýna fram á að störf í upplýsingatæknigeiranum snúast ekki eingöngu um forritun. Félagið fékk góð viðbrögð frá stofnunum og fyrirtækjum með þetta framtak og vonandi verður hann til þess að hvetja ungt fólk til að velja upplýsingatæknimenntun í skólakerfinu.
Til stóð að fylgja útgáfunni eftir með fjölmiðlaumfjöllun, en sökum ýmissa þátta, s.s. að sú vefsíða sem gefin var upp á bæklingnum virkaði ekki, þá var horfið frá því.
2. Á vordögum, strax í upphafi starfsársins, var lögð vinna í að koma upp nýrri heimasíðu fyrir félagið og er slóðin www.utkonur.wordpress.com. Ástæðan fyrir því að við fluttum okkur frá síðu okkar undir SKY var m.a. sú að erfitt var að halda þeirri síðu líflægri auk þess sem við höfðum ekki nema takmarkaðan aðgang að síðunum okkar. Það krafðist því oft þriðja aðila til að koma upplýsingum á framfæri. Þetta þótti okkur of tímafrekt og flókið ferli við að koma einföldum upplýsingum á framfæri á síðunni.
3. Ut-konur voru í maí 2007 boðaðar til fundar hjá Forsætisráðuneytinu til að ræða þá stöðu sem nú virðist komin upp, að viðvarandi skortur er á fólki með menntun á sviði upplýsingatækni og lítill áhugi meðal framhaldsskólanna að sækja það nám. Frumkvæði að þessum fundi kom frá Birni Þór Jónssyni í HR og sagði hann á fundinum frá mati sínu á stöðunni. Fundinn sóttu fulltrúar frá háskólum landsins, ráðuneytum og félögum á þessu sviði. Var farið yfir og rætt um stöðu upplýsingatækninnar í skólakerfinu, rætt um hvernig hægt er að safna upplýsingum til að meta stöðuna, rætt um möguleg viðbrögð/aðgerðir til að bæta stöðuna og kannaður áhugi fundarmanna á að taka þátt í aðgerðum til að bæta stöðuna. Í kjölfarið voru myndaðir tveir vinnuhópar og áttu UT-konur tvo fulltrúa í öðrum þeirra.
4. Breytingar urðu í stjórn UT-kvenna á árinu, þar sem Elín Granz sagði sig úr stjórn og Anna Ingólfssdóttir dró sig í hlé um skeið, en í hennar stað kom inn Marta Lárusdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík.
5. Þann 20. nóvember héldu UT-konur skemmtilegan umræðufund á Grand Hótel undir yfirskriftinni „**Draumavinnustaðurinn og bestu leiðir við að leysa verkefni**“. Umræðustjórn var í höndum Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur og kom hún með ýmis ný sjónarhorn og fróðleik inn í umræðuna. Skiptust UT-konur á skoðunum og sköpuðust fjórlegar umræður.
6. Morgunverðarfundur var haldinn 27. Febrúar í húsaáskynnum Microsoft, Engjateigi 7, 105 Reykjavík. Í upphafi fundar ávarpaði Sveinn Benediktsson fundargesti fyrir hönd Microsoft. Hann sýndi okkur meðal annars myndband um konur hjá Microsoft, en þar er sérstök áhersla lögð

á að konur þroski sig í starfi. Jafnframt bauð Sveinn fundargestum að koma á ráðstefnu sem Microsoft stóð fyrir í Smárabíó þennan sama dag. Gestur fundarins, Guðný Káradóttir, flutti áhugaverðan fyrirlestur um það sem hún og félagar hennar hjá Gagarín eru að gera, en umfjöllunarefni hennar var „Að vinna í skapandi tækni umhverfi – Störfin og verkefni – Vinnustaðurinn og félagslífið“.

7. Starf vinnuhópa hefur mikið til legið niðri þetta árið. Huga þarf að eflingu þeirra og virkja fleiri konur til starfa.

Framtíðarsýn

Eitt helsta umræðuefni stjórnar hefur verið um leiðir til að auka þátttöku UT-kvenna í starfi félagsins og einnig hvernig laða megi ungar konur í félagið en engar töfralausnir hafa fundist enn sem komið er.

Markmið UT-kvenna og tilgangur félagsins hafa verið mikið rædd innan stjórnarinnar og verður þeirri umræðu haldið áfram á næsta starfsári og nýrri stjórn falið að móta skýrari stefnu og markmið. Meðal þess sem komið hefur til umræðu á árinu er að gera könnun meðal félagsmanna um sýn þeirra á félagið, markmið þess, tilgang og áherslur, en hvort af því verður er í höndum næstu stjórnar. Stofnsamþykktir félagsins voru teknar til endurskoðunar á árinu og er breytingartillaga nú lögð fram til samþykktar.

Einnig hefur dræm aðsókn kvenna í nám í upplýsingatækni verið til umræðu.

Mikilvægt er að halda áfram að efla tengslanet innan ut-kvenna með bæði fræðandi og skemmtandi atburðum en einnig að halda áfram markvissu kynningarstarfi á upplýsingatækni t.d. með því að nýta meira fjölmiðla.

Ut-konur hafa verið duglegar að skrifa greinar í Tölvumál, blað

Skýrslutæknifélagsins og hvetjum við þær til að halda áfram á sömu braut.

Fjörutíu ára afmæli SKY var fagnað í lok mars s.l. og var nokkur fjöldi UT-kvenna þar saman kominn að fagna afmælisbarninu.

Lög félagsins gera ráð fyrir að kosið sé í stjórn til tveggja ára og á aðalfundi 23. apríl 2008 ganga úr stjórn Elín Granz, Jóna Pálsdóttir, Sigrún Þöll Þorsteinsdóttir og Þórunn Óskarsdóttir. Er þeim þakkað mjög gott og óeigingjarnt starf.

23. apríl 2008

Þóra Halldórsdóttir formaður